

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Ársyfirlit 2024

Starfsmenn: Bókavörður í 50% starfi er Sigríður Jónsdóttir og afleysingum hefur sinnt Steinunn H.Halldórsdóttir

Starfsemi:

Leiðarstef í starfsemi safnsins þetta árið er bæting á merkingum bóka, og er því verki að mestu lokið í átthagasafni og léttlestrardeild og hluta af barnabókahorni. Einnig var gerð breyting á uppröðun í barnabókadeildinni, nýir stólar keyptir á haustmánuðum og áfram unnið í skipulagi á geymslu í kjallara.

Örsýningahald hefur haldið velli og þar m.a. hafa verið sett upp verk eftir bæði nemendur grunn- og leikskóla, sem og fengnir að láni munir frá Byggðasafninu.

Lestrarátakið ;Bókabingó, gekk vel í sumar. Alls skiluðu 12 börn inn fullklárðum blöðum og fengu fyrir það glaðning. Nýbreytni var í ár að fullorðnum var boðið að taka þátt, börnunum til stuðnings og eftirbreytni, og lumaði bókavörður á óvæntum glaðningi handa þeim 4 fullorðnu sem skiluðu inn sínu blaði. Ánægjulegt er hversu góð þátttaka er að verða í þessum viðburði og er það aldeilis hvatning til að halda verkefninu áfram.

Bókavörður sat rafrænt haustþing SFA (Samtök forstöðumanna almennings -bókasafna) þann 14.okt. Var þar margt skrafað og skeggrætt eins og vænta má. Var mörgum þungt í sinni yfir sparnaðaraðgerðum og aðhaldskröfum sinna yfirstjórnenda og er ljóst að víða er mjög þrengt að starfsemi bókasafna, bæði hvað varðar fjármagn til reksturs, opnunartíma og mannahalds.

Útlán og innkaup:

Hér er fátt um tölur þar sem árinu er ekki lokið. Við innkaup á bókum hefur bókavörður einkum horft til þess að eiga úrval lesefnis fyrir börn og ungmenni sem og dægurbókmenntir sem eru einna vinsælastar í útlánnum. Einnig hefur bókavörður reynt að sinna óskum og ábendingum lánþega um kaup á titlum.

Alma:

Alma blessunin er alveg að standa sig ágætlega. Reglulega eru uppfærslur og breytingar sem halda bókaverði á tánum og passa að ekki verði aðgerðir og vinnuaðferðir of rótgrónar. Jafnvel breytingar á viðmóti og orðalagi eru næstum vikulegt brauð.

Framundan:

Framundan er lestrartími. Aðsókn að bókasafninu er mest að vetrinum. Og ekki hvað síst í aðdraganda jóla þegar við njótum þess að fá nýjar og nýútgefnar bækur nánast í hverri viku í október og nóvember.

Einnig áætla bókavörður að fara í hefðbundnar upplestrarferðir í leik- og grunnskóla og Silfurtún þegar líður að aðventu.

Lokaorð:

Það er einlæg ósk bókavarðar að geta áfram á fundum með kollegum státað af því að hafa nægt fé til bókakaupa, að hafa og finna velvilja menningar-málanefndar, sveitarstjórnar og sveitarstjóra í garð safnsins, að sitja ekki undir niðurskurðarhníf né finna að sér þrengt í starfi að neinu leyti.